



4. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2023 - 24 haldinn föstudaginn 16. febrúar 2024 kl. 11:45.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson, skólameistari; Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður; Frosti Logason, Inga Amal Hasan, fulltrúar úr skólanefnd FG; Hilmar Þór Sigurjónsson, fulltrúi kennara; Guðrún Fjóla Ólafsdóttir fulltrúi nemenda, Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari. Guðmundur Stefán Gíslason kennslustjóri var gestur fundarins.

Dagskrá:

1. Fjármál skólans
2. Kosning formanns og varaformanns skólanefndar en það skal gera á hverju ári. Ákveðið að fresta til næsta fundar.
3. Farið var yfir fjármál skólans sem eru í samræmi við áætlanir. Halli var um 20 milljónir og aðeins meiri en áætlanir stóðu til. Útskýrist af mestu af mannbreytingum.
4. Félagslíf nemenda.
Árshátíðin verður 14. mars og undirbúningur gengur vel. Nefndarvika þar sem hver nefnd sér um einn dag, skíðaferð og svo kosningar.
5. Gervigreind í FG. Guðmundur S. Gíslason kennslustjóri segir frá vinnu í skólanum tengslum við gervigreind. Næstu skref verða væntanlega að búa til hóp í skólanum og spjalla um hvernig tæknin nýtist sem best í skólastarfi. Kristinn sýnir reglur um notkun gervigreindar á heimasíðu skólans. Sjá [hér](#). Guðrún Fjóla segir að gervigreind og notkun hennar vekji upp tilvistarlegar spurningar um tilgang lífs og náms.
6. Önnur mál
 - Næsti fundur fyrirhugaður strax eftir páska.
 - Áslaug segir frá verkefninu *Inspiring the future* sem fer í gang í haust. Verkefnið er upphaflega breskt og snýst um að víkka sjónvildarhring barna og unmennta og vekja áhuga þeirra á atvinnulífi og áframhaldandi námi með því að fá sjálfboðaliðia úr hinum ýmsu greinum til að heimsækja skóla.
 - Fundi slitið kl. 12:50

Fundarritari

Anna María Gunnarsdóttir